

AUGLÝSING

um deiliskipulag Höfðavegar á Húsavík.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurlands þann 18. september 2007 var samþykkt deiliskipulag fyrir Höfðaveg á Húsavík.

Skipulagssvæðið afmarkast af Höfðavegi í suðri og vestri, Laugarbrekku í norðri og Héðinsbraut í austri. Svæðið er að mestu leyti byggt. Þó gerir deiliskipulagið ráð fyrir þremur nýjum lóðum. Skilgreindir eru skilmálar fyrir hús sem heimilt er að reisa í stað núverandi húsa á Beinabakka og á lóðinni að Héðinsbraut 11.

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 17. desember 2007.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2008